

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 13/2024

Reykjavík, 23.10.2024

Málsnúmer: 2024100246

Efni

Aðföng, að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, hefur stöðvað sölu og innkallað frá neytendum **Julius heila önd (Pekingönd)**.

Ástæða innköllunar

Salmonella greindist í sýni teknu úr framleiðslulotu **3482255**.

Hver er hættan?

Matvæli sem innihalda *Salmonella* teljast ekki örugg til neyslu þar sem bakterían getur valdið alvarlegum sýkingum, sérstaklega hjá viðkvæmum neytendum. *Salmonella* finnst víða í náttúrunni en náttúruleg heimkynni hennar er jarðvegur, vatn, fóður, matvæli og meltingarvegur dýra eins og til dæmis búfænaður, villt dýr, nagdýr, fuglar, skriðdýr og skordýr. Nánar má lesa um *Salmonella* á vef Matvælastofnunar, www.mast.is.

Upplýsingar um vöru sem innköllunin einskorðast við

Vörumerki: **Julius**

Vöruheiti: **Heil önd (Pekingönd)**

Lotunúmer: **3482255**

Strikamerki: **5706911023637**

Nettómagn: **2,4 kg**

Geymsluskilyrði: **Frystivara**

Framleiðandi: **Geia Food A/S**

Framleiðsluland: **Pólland (önd alin, slátrað og pakkað)**

Heiti og heimilisfang fyrirtækis sem innkallar vöru

Aðföng, Skútuvogi 7-9, 104 Reykjavík.

Dreifing

Verðslanir Hagkaupa og Bónuss um land allt.

Leiðbeiningar til neytenda

Neytendur sem keypt hafa umrædda vöru eru beðnir um að neyta hennar ekki og farga en geta einnig sett sig í samband við gæðastjóra Aðfanga.

Nánari upplýsingar um innköllun

Gæðastjóri Aðfanga í síma 530 5600 eða í gegnum netfangið [gm\[hja\]adfong.is](mailto:gm[hja]adfong.is).

Mynd(-ir)

